# DRAUMAR OG STILLI-LÖGMÁLIÐ.

I Mbl. 3. nóv. s.l. segir kona frá því, að hún hafi í draumi fengið bendingu um að veita nauðsynlega hjálp fólki, sem henni var alveg ókunnugt um. Það er mjög ólíklegt að konuna hafi getað dreymt þannig án þess að hún umgengist eða hefði hitt daginn áður einhvera, sem vissi um fólk þetta og nauðsyn þess og væri fróðlegt að fá að vita, hvort hún getur rakið drauminn til slíkra stilliáhrifa. En því er vakið máls á þessu hjer, að ýmislegt býsna athyglisvert kemur í ljós, þegar menn eru farnir að þekkja stillilögmálið og leggja í vanda sinn að gefa því gætur hvernig það lýsir sjer í draumum þeirra.

6. nóv.

**Helgi Pjeturss.**